



Duftgarðar

Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma



Í tilefni af vígslu duftgarðsins í Sóllandi, þann 2. október 2009, var ákveðið að gefa út upplýsingabækling þar sem gerð yrði grein fyrir hinum nýja duftgarði og duftreitum öðrum sem eru í umsjá Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Í bæklingnum er stutt lýsing á hverjum garði og leitast er við að leiðbeina um staðsetningu þeirra. Þar er einnig að finna reglur um stærð og frágang minningarmarka. Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma í síma 585-2700 og á heimasíðunni: www.kirkjugardar.is

Reykjavík, 2. október 2009,
starfsmenn og stjórn Kirkjugarða
Reykjavíkurprófastsdæma



Staðsetning duftgarða

- 1 Sölland við Fossvogskirkjugarð Vesturhlíð
- 2 Fossvogskirkjugarður Suðurhlíð - Aðalaðkoma frá Vesturhlíð
- 3 Hólavallagarður Suðurgötu
- 4 Gufuneskirkjugarður Hálsvegi
- 5 Kópavogskirkjugarður Uppsölum

Efnisyfirlit:

- 6 Sólland, duftgarður við Vesturhlíð
- 12 Duftreitur í Kópavogskirkjugarði
- 14 Duftreitur í Gufuneskirkjugarði
- 16 Duftreitur við Fossvogskirkju
- 20 Duftker jarðsett í kistugrafir
- 22 Leiðbeiningar um minningarmörk



Sólland – duftgarður

Hólmar og lækir með smátjörnum, lauftré og ósnortið holt Öskjuhlíðar, tjörn og brú sem tengir duftgarðinn við aðkomutorg þar sem mun rísa sáluhlið, hlaðið úr steinblokkum, þetta eru helstu sérkenni duftgarðsins í Sóllandi. Í framtíðinni munu kirkjugarðsklukkur klingja frá tjörninni. Jarðvatn úr Öskjuhlíð rennur í lækjum milli hólmannna og safnast fyrir í tjörninni. Vatnsmagn í lækjum og umfang tjarnarinnar verður breytilegt eftir árstíðum og tíðarfari. Votlendisgróður og fjölbreytt fuglalíf mun setja svip sinn á garðinn. Markmiðið er að svæðin milli hólmannna verði sjálfbært lífríki með fjölbreyttri flóru.



Aðkoma bíla að duftgarðinum er um Vesturhlíð. Duftgarðurinn tengist einnig göngustíg, sem liggur meðfram Varmahlíð að Perlunni. Steyptur göngustígur umlykur hólmana en utan stígsins verður skógi vaxið grafsvæði. Stiklur marka göngustíga yfir hólmana og milli skógargrafs­væðanna.



Duftgarðurinn skiptist í svæði, með mismunandi gerðum grafreita. Í hölmum innan hringstígsins og á skógarsvæðinu utan hans eru hefðbundnar duftgrafir. Þar gilda mismunandi reglur um minningarmörk. Utan við hringstíginn að holtinu í Öskjuhlíð er gert ráð fyrir ómerktum duftgröfum og einnig er afmarkað svæði til öskudreifingar nær tjöminni. Nokkrum stórum, háslípuðum steinum verður komið fyrir í holtinu þar sem ómerktar grafir eru og öskudreifing fer fram. Hugmyndir gera ráð fyrir að kolumbaríum, sem er veggur með hölfum fyrir duftker, verði reist í duftgarðinum.



Duftgarðurinn er um þrjú hektarar að stærð og þar munu rúmast um þrjátíu þúsund duftker. Vökumaður garðsins er Ásbjörn Björnsson, fyrrverandi forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

Minningarmörk geta verið breytileg að gerð og lögun. Notuð eru smærri minningarmörk á duftgröfum en á hefðbundnum gröfum. Hér fyrir neðan eru gefnar upp hámarksstærðir en einnig fer vel að hafa minningarmörk undir tilgreindum hámarksstærðum, t.d. 35x35 cm.

Í duftgarðinum á Sóllandi gilda eftirfarandi reglur um minningarmörk:

- Á hólum er einungis heimilt að hafa lárétt eða skástíllt minningarmörk. Grunnflötur má vera allt að 50x50cm, hámarkshæð er 20cm mælt frá jarðvegysfirborði að efsta punkti. Á tvöfalt duftgrafstæði á hólmagröfsvæðunum er heimilt að setja breiðari gerð minningarmarks, með grunnfleti allt að 100x50cm (breidd x dýpt).
- Á skógargröfum eru leyfð lárétt, skástíllt og upprétt minningarmörk. Hámarkshæð uppréttra minningarmarka er 50cm, mælt frá jarðvegysfirborði að efsta punkti. Grunnflötur þeirra má vera allt að 50x25cm (breidd x dýpt) að meðtöldum sökkli. Á tvöfalt duftgrafstæði á skógargröfsvæðum er heimilt að setja breiðari gerð upprétts minningarmarks, með grunnfleti allt að 100x25cm.

Yfirlitskort af Sóllandi





Duftreitir í Kópavogskirkjugarði

Duftgarðurinn, sem er um 0,7 hektarar að stærð er í vesturhluta Kópavogskirkjugarðs og er þar rými fyrir 5100 duftgrafir. Biskup Íslands vígði garðinn þann 10. ágúst 2006 og var duftker Guðmundar Helgasonar málarameistara jarðsett í fyrstu gröfina í garðinum. Það er tímanna tákn að vökumaður garðsins hvíli í duftreit því alltaf fjölgar því fólki sem kys bálfor.

Í duftreitum í Kópavogskirkjugarði gildir eftirfarandi um minningarmörk:

- Á einföldum og tvöföldum duftgrafstæðum ef um púltsteina er að ræða mega minningarmörk vera allt að 50x40x20/10cm (breidd x dýpt x hæð). Á fjórföldu duftgrafstæði þar sem reitir eru hlið við hlið er hámarksstærðin 100x60x20/10cm.
- Leyfð eru upprétt minningarmörk. Hámarkshæð þeirra á einföldum og tvöföldum duftgrafarstæðum mega minningarmörk vera 50cm á hæð mælt frá jarðvegysfirborði, að efsta punkti. Hámarksbreidd þeirra er 50cm og skal grunnflötur uppréttra minningarmarka ekki vera stærri en 50x25cm að meðtöldum sökkli. Á fjórföldu duftgrafstæði þar sem reitir eru hlið við hlið er hámarksstærðin 100x50x25cm.(breiddxhæðxdýpt)
- Blómarammar mega ekki vera breiðari en sem nemur hámarksbreidd á sökkli minningarmarks þ.e. á einföldu og tvöföldu duftgrafarstæði 50 cm en á fjórföldu duftgrafarstæði þar sem reitir eru hlið við hlið 100 cm þó aldrei nær leiðismörkum en sem nemur 10 cm. Dýpt blómaramma með ramma má ekki vera meir en sem nemur en 80 cm fram í leiði.

Yfirlitskort af Kópavogskirkjugarði




Duftreitir í Gufuneskirkjugarði

Gufuneskirkjugarður var vígður 16. júní 1980. Vökumaður garðsins er Friðfinnur Ólafsson forstjóri. Duftreitirinn, sem er 0,75 hektarar, er norðan við A-svæðið í garðinum, hann er hluti af kirkjugarðinum og var vígður þann 20. júlí árið 2000 með greftrun duftkers Kristínar Einarsdóttur þjónustufulltrúa. Fullgerður mun hann rúma um 3000 duftgrafir.

Í duftreitnum í Gufuneskirkjugarði gildir eftirfarandi um minningarmörk:

- Á einföldum og tvöföldum duftgrafstæðum ef um púltsteina er að ræða mega minningarmörk vera allt að 50x40x20/10cm (breidd x dýpt x hæð).
Á fjórföldu duftgrafstæði þar sem reitir eru hlið við hlið er hámarksstærðin 100x60x20/10cm.
- Leyfð eru upprétt minningarmörk. Hámarkshæð þeirra á einföldum og tvöföldum duftgrafarstæðum mega minningarmörk vera 50cm á hæð mælt frá jarðvegisyfirborði, að efsta punkti. Hámarksbreidd þeirra er 50cm og skal grunnflötur uppréttra minningarmarka ekki vera stærrí en 50x25cm að meðtöldum sökkli. Á fjórföldu duftgrafstæði þar sem reitir eru hlið við hlið er hámarksstærðin 100x50x25cm.(breiddxhæðxdýpt)
- Blómarammar mega ekki vera breiðari en sem nemur hámarksbreidd á sökkli minningarmarks þ.e. á einföldu og tvöföldu duftgrafarstæði 50 cm en á fjórföldu duftgrafarstæði þar sem reitir eru hlið við hlið 100 cm þó aldrei nær leiðismörkum en sem nemur 10 cm. Dýpt blómaramma með ramma má ekki vera meir en 80 cm fram í leiði.

Yfirlitskort af Gufuneskirkjugarði





Duftgarður við Fossvogskirkju

Duftgarðurinn í Fossvogi var tekinn í notkun 1950, skömmu eftir vígslu Fossvogskirkju. Árið 1991 var hafist handa við viðamikla endurgerð duftgarðsins.

Í upphafi voru öll minningarmörk af sömu gerð, látlausir púltsteinar sem ennþá gefa eldri hluta garðsins hið upphaflega svipmót. Öllum grafstæðum hefur verið úthlutað og er nú aðeins grafið í frátekin grafstæði.



Garðurinn er 0,5 hektarar að stærð og hann rúmar tæplega þrjú þúsund grafir. Fyrstur var grafinn dr. Gunnlaugur Claessen læknir, og var hann jarðsettur 2. ágúst 1948 eftir fyrstu bálför sem fram fór frá Bálstofunni í Fossvogi, 31. júlí 1948.

Í duftreitnum við Fossvogskirkju gildir eftirfarandi um minningarmörk:

- Á einföldum og tvöföldum duftgrafstæðum mega minningarmörk vera allt að 50x40 x 20/10cm (breidd x dýpt x hæð).



Yfirlitskort af Fossvogskirkjugarði



Duftker jarðsett í kistugrafir

Heimilt er að grafa duftker í grafstæði þar sem kistur hafa verið grafnar. Heimild fyrir greftrun skal liggja fyrir frá hendi leiðshafa.

Í Fossvogskirkjugarði og Hólavallagarði hafa á undanförunum árum verið jarðsett fjöldamörg duftker í leiði ofan á kistur og þannig hafa margir fjölskyldugrafreitir orðið til.





Leiðbeiningar um minningarmörk

Þeir aðstandendur sem hyggjast setja minningarmark á grafreit þurfa til þess skriflegt leyfi garðyrkjustjóra Kirkjugarðanna og skulu þeir leggja fram skriflega lýsingu á stærð og gerð minningarmarks til samþykktar. Sama á við um sölumenn minningarmarka sem annast uppsetningu þeirra fyrir aðstandendur. Minningarmark og uppsetning þess er alfarið á ábyrgð aðstandenda og á kostnað þeirra. Fylgja skal reglum um stærð og frágang minningarmarka í umdæmi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, sem er að finna á heimasíðu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, www.kirkjugardar.is

Minningarmörk skulu gerð úr varanlegum efnum t.d., steini, harðviði eða málni. Ekki er heimilt að nota plast eða önnur gerviefni. Sömu reglur gilda um krossa og önnur trúartákn og um önnur minningarmörk og takmarkast stærðin við leyft umfang minningarmarka hverju sinni. Leyfilegt er að setja bráðabirgðamerkingar á grafir, trékrossa eða einföld skilti, til eins árs. Gilda um þau sömu reglur hvað varðar stærð og umfang.

Garðyrkjustjóri Kirkjugarðanna skal sjá um að veita aðstandendum leiðbeiningar um reglur sé þess óskað. Ef reglum um minningarmörk er ekki fylgt er kirkjugarðsstjórn heimilt að færa þau eða breyta þeim til samræmis við reglur, eftir að tilkynning hefur verið send aðstandendum um að þeim beri að færa minningarmark til samræmis við gildandi reglur. Í slíkri tilkynningu skal tilgreindur hóflegur frestur til þess að ljúka lagfæringum. Aðstandendur skulu bera allan kostnað sem hlýst af tilfærslu og/eða breytingu minningarmarka sem ekki eru í samræmi við reglur Kirkjugarðanna.

Garðyrkjustjóri Kirkjugarðanna markar duftgrafstæði og línu í þau sem miða skal bakhlið minningarmarks við. Minningarmörk og undirstöður þeirra skulu ávallt vera innan marka grafstæðis. Minningarmörk á duftgrafstæðum skulu einkum vera lárétt eða skástíllt. Staðsetja skal minningarmark fyrir miðju grafstæðis við hina afmörkuðu línu fyrir bakhlið. Þess skal gætt við uppsetningu minningarmarka að hæð þeirra frá yfirborði jarðar sé ekki meiri en reglur þessar kveða á um. Einfalt duftgrafstæði er 75x75cm, tvöfalt duftgrafstæði 75x150cm.

REGLUR um stærð og frágang minnismarkja í umdæmi kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, sjá www.kirkjugardar.is





Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma
Vesturhlíð 8
105 Reykjavík
www.kirkjugardar.is